

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Skógarhverfis 1. áfanga, vegna Seljuskóga 1-3 og 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 1. áfanga.

Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja 175 m² hús í stað 155 m².

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Deiliskipulag Stofnanareits vegna fimleikahúss við Vesturgötu 120-130.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar breytingu á greinargerð í deiliskipulagi Stofnanareits.

Í breytingunni felst að heimilt verður að vera með kjallara undir hluta hússins sem ekki var gert ráð fyrir í frumáætlunum og deiliskipulagi.

Til samræmis er nýtingarhlutfalli lóðar breytt úr 0,50 í 0,52.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur þegar gildi.

Deiliskipulag Grenja hafnarsvæðis vegna Krókatúns 22-24.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar breytingu á deiliskipulagi Grenja hafnarsvæðis v/ Krókatúns 22-24.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóðinni verður stækkaður til norðausturs, þannig að byggingarreitslína færist til norðausturs um 5 metra. Húsagerð og skilmálar haldast óbreyttir að öðru leyti en því að byggt verður efnisskýli til norðurausturs sem samsvarar færslu byggingarreits.

Deiliskipulagsbreytingin er óveruleg og hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 13. júlí 2018.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.